



KYNJAKETTIR, KATTARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

SKÝRSLA STJÓRNAR AÐALFUNDUR 2014

STJÓRN SKIPA:

ANNA MARÍA MOESTRUP, GUÐBJÖRG GUÐMUNDSDÓTTIR, GUÐNÝ ÓLAFSDÓTTIR,
HRAFNHILDUR HALLDÓRSDÓTTIR, HÖRN RAGNARSÓTTIR, VIGDÍS ANDERSEN & ÞÓRHILDUR LÖVE



Reykjavík, 24. maí 2014

Skýrsla stjórnar yfir árið 2013 – Aðalfundur 2014

Haldnir voru óvenju fáir fundir hjá stjórn á síðasta ári en erum við farin að vinna flest okkar mál rafræn, enda oft flókið að finna henntugann fundartíma fyrir sjö manneskjur í nútímasamfélagi, fundirnir voru því flestir í kringum sýningarnar.

Fjöldi félagsmanna hefur haldist svipaður undanfarin ár, það voru 160 meðlimir sem greiddu félagsgjöld 2013, nokkrir þeirra eru með fjölskylduaðild.

Helstu viðburðirnir á árinu 2013 voru kattasýningarnar helgarnar, en við höldum ávalt tvær alþjóðlegar kattasýningar í einu, aðra á laugardegi og hina á sunnudegi. Í tengslum við sýningarhelgarnar tvær gáfum við út sitthvort fréttablaðið en innan í þeim eru sýningarskrárnar.

Vegna húsnæðisvanda undanfarinna ára gerði stjórn tilraun til að leigja húsnæði með samningi tímanlega fyrir vor sýningarnar og fengum við ansi henntugt rými á Korputorgi. Sýnendur, gestir, dómarnar og matvælastofnum voru með einsdæmum ánægð með húsnæðið. En því miður standa sýningarnar ekki undir sér í svona dýru húsnæði. Aðeins voru 103 kettir skráðir í þetta sinn, því ansi tæpt að hægt væri að halda sýningarnar þar sem lög FIFÉ segja til um að á Íslandi verða að vera 100 kettir skráðir til dóms í sýningaskrá til að sýningin teljist Alþjóðleg á vegum FIFÉ. Fyrir haustsýningarnar fengum við staðfest flott húsnæði á Nýbýlavegi sem lofaði góðu og á ansi góðu verði, hinsvegar var rýmið minnkað á síðustu stundu svo það varð svoldið þröngt um okkur. Dómarnir voru ánægðir með rýmið og sýningarnar, flestir sýnendur og einnig matvælastofnun, en það er hún sem gefur okkur leyfi til að halda sýningarnar. Betri þáttaka var á haustsýningunum en þá voru 115 kettir skráðir í sýningaskrá.

Auk alþjóðlegu sýninganna tóku Kynjakettir þátt í kattadögum í Garðheimum en þar eru kettirnir ekki dæmdir af dómurum, heldur kynna eigendur þá fyrir gestum og gangandi. Þetta er kjörið tækifæri fyrir ræktendur til að vekja athygli á þeim kattategundum sem til eru á landinu og um leið að kynna sína eigin ræktun.

Kynjakettir tóku einnig þátt í Jólakettinum með Fjölskyldu og húsdýragarðinum þar sem keppt var um titilinn „Jólakötturinn 2013“ en þetta er þriðja árið í röð sem við gerum þetta í samvinnu við garðinn. Atburðurinn heppnaðist vel og vonumst við því til að leikurinn verði endurtekinn aftur sem Jólakötturinn 2014. Sphynx kötturinn IS*Svínks Mose Malexander hlaut titilinn 2013. Allir félagsmenn geta tekið þátt í Jólakettinum og Garðheima kynningunum, það gefur okkur auka daga til að hitta annað kattarfolk og njóta dagsins með kisu okkar.

Einn fulltrúi fór á aðalfund FIFÉ sem haldinn var í lok maí í fyrra í Madrid. Kynjakettir hafa sent fulltrúa á aðalfund FIFÉ frá því að við fengum inngöngu í samtökin. Í þetta sinn var Sveinn Svavarsson skráningastjóri Kynjakatta á eigin vegum að sækja námskeið hjá FIFÉ í ættbókagerð. Mikilvægt er að við fylgjumst með því sem fram fer á vettvangi FIFÉ og munu Kynjakettir því eiga fulltrúa á aðalfundinum sem haldinn verður á Lettlandi í næstu viku.

Breyting verður á stjórn Kynjakatta á þessum fundi þar sem einn meðlimur gefur ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Þórhildur Löve sem hefur starfað sem ritari síðast liðin tvö ár lætur af störfum. Fyrir hönd stjórnar vil ég þakka henni hjartanlega fyrir vel unnin störf. Þrír stjórnarmeðlimir gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu næstu tvö árin, Hörn Ragnarsdóttir sem sýningastjóri, Guðbjörg Guðmundsdóttir sem varaformaður og Guðný Ólafsdóttir sem gjaldkeri.

Nýr ritstjóri tekur til starfa í ár en hún Jóna Dögg hefur boðið sig formlega fram, vil ég þakka Kristínu Bjarnadóttur fyrrum ritstjóra fyrir frábær störf að halda um taumana á ritnefndinni og sjá til þess að við höfum tímarit tvisvar á ári. Ég get sagt með fullri alvöru að hætt hefði verið við útgáfu Kynjakattarblaðsins oftar en einu sinni ef ekki væri fyrir Kristínu. Og að lokum verð ég að þakka öllum þeim sem leggja hönd á plóg til að mögulegt sé að halda sýningarnar okkar, og öllum þeim sem störfuðu fyrir félagið með einum eða öðrum hætti. Einnig vil ég þakka Sigurði Ara Tryggvasyni fyrir að halda uppi netsíðu félagsins og póstlistanum, Jónu Dögg og Val fyrir frábæra heimasíðu og Sigríði Rósu Snorradóttur fyrir framúrskarandi starf sem Auglýsingastjóri og sýningaritari, starf ykkar allra er Kynjaköttum ómetanlegt.

Virðingafyllt

Vigdís Andersen
Fyrir hönd stjórnar Kynjakatta